

Eyjafjarðardeild Rauða krossins, stjórnarfundur í Viðjulundi, Akureyri,
þriðjudaginn 14. október 2025 kl. 17:00.

Fundargerð

Mættir: Þorsteinn K. Björnsson, Eva Hrund Einarsdóttir, Lárus H. Sigurðsson, Kristjana V. Valgeirsdóttir, Gunnar Már Gunnarsson, Kristín Björk Gunnarsdóttir og Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri.

Boðuð forföll: Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir
Mættu ekki: Helga Margrét Freysdóttir og Kári F. Lárusson.
Gestur undir 1.lið: Gunnar Frímannsson

1. Tillögur til breytinga á lögum Rauða krossins á Íslandi sem lagðar verða fram á næsta aðalfund félagsins (2026).

Ræddar voru þær tillögur sem Eyjafjarðardeild mun leggja til vegna breytinga á lögum Rauða krossins. Gunnar Frímannsson fulltrúi í laganefnd Rauða krossins mætti á fundinn og fór yfir hugmyndir að lagabreytingum sem ræddar hafa verið í nefndinni.

Stjórn felur deildarstjóra að senda tillögur stjórnar til nefndarinnar.

2. Fundur með sviðsstjóra skipulagsviðs Akureyrarbæjar vegna lóðar við Viðjulund 2.

Ingibjörg og Eva Hrund gerðu grein fyrir fundi sem þær fóru á með sviðsstjóra skipulagsviðs Akureyrarbæjar vegna lóðar við Viðjulund 2. þar sem rætt var um inn- og útkeyrslu af bílastæði, umferðaröryggi, stöðuleyfi gáms og staðsetningu gáma á lóð. Niðurstaða þess fundar var að sviðsstjóri ætlaði að senda inn tillögu af breytingu á lóð sem verður þá tekin fyrir á stjórnarfundum.

3. Námsferð til Búdapest - starfsmaður.

Deildarstjóri gerir grein fyrir fyrirhugaðri námsferð starfsmanns.

Stjórn samþykkir fyrirhugaða ferð.

4. Fatasöfnun í Norðurþingi.

Tekið fyrir erindi frá Norðurþingi sem hefur óskað eftir því að fá að flytja þann fatnað sem er safnað á Húsavík til Akureyrar í flokkun og úrvinnslu.

Stjórn samþykkir að taka að sér þetta verkefni til reynslu út febrúar 2026 samkvæmt kröfu deildarinnar um frágang við afhendingu. Verði ákveðið í framhaldinu að þetta verði til framtíðar færi deildin fram á að Norðurþing tæki þátt í kostnaði við að bæta flokkunaraðstöðu deildarinnar.

5. Öryggismál.

Deildarstjóri gerir grein fyrir að öryggismyndvél hafi orðið ónýt og það hafi þurft að endurnýja búnað upp á 150 þúsund.

6. Uppgjör annars ársfjórðungs.

Deildarstjóri gerir grein fyrir sex mánaða uppgjöri deildarinnar. Niðurstaða er betri en áætlanir gerðu ráð fyrir um.

7. Áframhaldandi leigusamningur vegna hundasnyrtistofu.

Deildarstjóri gerir grein fyrir að verið sé að klára leigusamning við hundasnyrtistofuna til eins árs.

8. Önnur mál.

Deildarstjóri gerir grein fyrir að kaupa þurfi tæknibúnað og tæknivinnu í kennslusal félagsins í suðurenda fyrir allt að 500 þúsund.

Fundargerð ritaði

Eva Hrund Einarsdóttir

Undirritunarsíða

Formaður
Þorsteinn Kristinn Björnsson

Varaformaður
Kristín Björk Gunnarsdóttir

Meðstjórnandi
Kristjana Valdey Valgeirsdóttir

Meðstjórnandi
Eva Hrund Einarsdóttir

Lárus Hafsteinn Sigurðsson

Gunnar Már Gunnarsson